

AUGLÝSING**um vinnumiðlun í Breiðdalshreppi í Suður-Múlasýslu.**

Samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 52 9. apríl 1956, um vinnumiðlun, hefur félagsmálaráðherra ákveðið, að vinnumiðlun skuli starfrækt í Breiðdalshreppi í Suður-Múlasýslu.

Um framkvæmd vinnumiðlunarinnar fer eftir lögum nr. 52/1956, um vinnumiðlun og reglugerð um vinnumiðlun nr. 130/1956.

Félagsmálaráðuneytið, 28. marz 1963.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

28. marz.

Nr. 61.

AUGLÝSING**um að lög nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, skuli taka til Breiðdalshrepps í Suður-Múlasýslu.**

Samkvæmt heimild í 4. gr. laga nr. 29/1956, um atvinnuleysistryggingar, hefur félagsmálaráðuneytið ákveðið, að lög um atvinnuleysistryggingar skuli taka til Breiðdalshrepps í Suður-Múlasýslu.

Félagsmálaráðuneytið, 28. marz 1963.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

29. marz.

Nr. 62.

AUGLÝSING**um staðfestingu á skipulagsupphætti af svæðinu milli Ingólfsstrætis, Hverfisgötu, Smiðjustígs, Laugavegs og Bankastrætis í Reykjavík.**

Samkvæmt lögum nr. 55 27. júní 1921, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa, hefur ráðuneytið hinn 6. marz 1963 staðfest meðfylgjandi skipulagsupphætti af svæðinu milli Ingólfsstrætis, Hverfisgötu, Smiðjustígs, Laugavegs og Bankastrætis í Reykjavík.

Félagsmálaráðuneytið, 29. marz 1963.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.